

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1111
komudagur 8. 3. 2002



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2002
Tilvísun : 2002020022


Barnaverndarstofu hefur borist beiðni heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis um að gefa umsögn sína um tillögu til þingsályktunar um átröskun, 337. mál á 127. löggjafarþingi 2001-2002.

Barnaverndarstofa telur fullljóst að sá vandi sem þingsályktunartillagan snertir hafi viðast hvar verið skilgreindur sem viðfangsefni heilbrigðisyfirvalda og sé því að meginefni til utan verkefnasviðs barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndarstofa vill þó láta þá skoðun í ljós að mikilvægt sé að huga verði vendilega að hinum félagslega þætti jafnframt því að fást við þann heilbrigðisvanda sem augsnýlega er um að ræða. Því sé það framfaraspor að gera ráð fyrir því að fengist sé við átröskun með því að veita þverfaglega þjónustu hjá valinni heilbrigðisstofnun. Þannig sé leitast við að sameina þá krafta sem fást við svo sérhæft viðfangsefni. Með þessu lítur Barnaverndarstofa svo á að verið sé að búa svo um hnútana að gerðar séu jafnhliða ráðstafanir vegna aðkallandi heilbrigðisvanda sem og þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar félagslegu röskunar sem er óhjákvæmilegur fylgikvilli.

Barnaverndarstofa vekur athygli á nauðsyn þess að gert sé ráð fyrir þætti barnaverndaryfirvalda og mögulegu samstarfi þegar um átröskun barna er að ræða. Reynsla sýnir að slíkt er sjaldgæft en þó gæti reynt á ákvæði ýmissa lagagreina barnaverndarlaga nr. 58/1992 og má þar nefna sem dæmi 22. og 24. gr. þeirra laga. Sjálfsagt og eðlilegt er að gera ráð fyrir því að sú heilbrigðisstofnun sem hefði yfirumsjón með þessu viðfangsefni hefði í aðgerðaráætuni sinni þekkingu á mögulegu ábyrgðarsviði barnaverndaryfirvalda og gætti vendilega að hlutverki sínu gagnvart barnaverndaryfirvöldum þegar við á, sbr. 13. gr. barnaverndarlaga.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu


Guðjón Bjarnason